

Ég sem starfsmaður leikskóladeildar Kerhólsskóla sendi þessar hugleiðingar mínar vegna vinnubragða sveitastjórnar sem mér þykir ástæða til að hnika á og velta aðeins fyrir sér. Vinnubrögð sem eiga sér stað í kjölfar erindis leikskólustarfsmanna um breytt skóladagatal. Mér þykir það heldur skritinn leikur sem hefur farið í gang og langar til að velta upp nokkrum steinum sem mér þykir vera orðnir heldur plássfrekir.

Nú er það ekki svo að ég sé ósátt vegna þess að við starfsmenn í leikskólanum fáum ekki að útfæra styttinguna okkar í fríum grunnskólans heldur eru það vinnubrögð sveitastjórnar sem fá mig til að verða hálf kjafstopp, svo mikill er yfirgangurinn við alla hlutaðeigandi. Til að byrja með þá langar mig að nefna það að erindi leikskólans til skólanefndar var kynnt sveitastjórn að hafin væri vinnsla þess efnis um faglega vinnu sem myndi skoða málið út frá öllum þáttum. Sveitastjórn sló þá á fingur skólanefndar og henti málinu út af borðinu! Samanber fundargerð 6.12.23

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leikskóladeild Kerhólsskóla skuli vera opin alla virka daga um jól, páska og vetrarfrí út þetta kjörtímabil. Leikskólagjöld verða felld niður vegna virkra daga í jólafríi, páskafríi og vetrarfríi grunnskóladeildar Kerhólsskóla vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma enda hafi foreldrar eða forráðamenn sótt um niðurfellingu, á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá Kerhólsskóla. Lágmarksfjöldi skráðra barna í leikskólanum skal vera þrjú til að leikskóladeild haldist opin á viðkomandi dögum.*

Ég spyr: Hverskonar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Er sveitastjórn ekki að treysta skólanefnd til að sinna vinnu sinni á faglegan hátt? Ég get ekki skilið það betur en að sveitastjórn er með þessu að gefa skít í faglegt mat og aðstæður allra sem að koma. Þetta lyktar af geðþóttaákvörðunum fremur en lýðræðislegum stjórnháttum. Nýjasta útspilið er nýjustu fréttir af gogg.is þar sem fram kemur breytt fyrirkomulag vegna jóla, páska og vetrarfría. Bæði sveitarstjóri og sveitarstjórnarmenn hafa deilt þessu „snilldar“ fyrirkomulagi á sínum persónulegu samfélagsmiðlum eins og þau sjái ekkert rangt við hvernig þetta er framkvæmt. Á frétt Gogg kemur einnig fram að hér eftir verður skráning um niðurfellingu gjalda rafræn. Ég spyr því var þetta geðþóttaákvörðun? Það er allavega ekkert að finna í fundargerðum að skólanefnd hafi eitthvað komið að þessum gjörningi né önnur lýðræðisleg stjórn sveitarfélagssins og stjórnenda skólans.

Með þessu er verið að taka af skólastjórnendum þá yfirsýn yfir hvaða börn eru skráð í frí og hver ekki. Og gjaldkeri sveitarfélagsins orðin ábyrgur fyrir að koma þeim upplýsingum til skólans? Er það ekki í höndum stjórnenda að koma upplýsingum til gjaldkera sveitarfélagsins en ekki öfugt? Við þessa aðgerð sveitarstjórar vil ég benda á það að þetta er á skjön við fundargerðina hér að ofan þar sem talað er um að eyðublöð megi nálgast hjá Kerhólsskóla og fyrri fundargerðir skólanefndar og sveitarstjórnar um efnið. Einnig set ég spurningarmerki við þann tíma sem gefinn er þ.e. 2 vikur. Hver ákvað þennan tíma? Ekki var hann ákveðinn í samráði við skólann í það minnsta. Ég vil því benda á það að eins og staðan er hjá starfsfólki leikskóladeildar þá fáum við 1 dag í styttingu á tveggja vikna fresti. Tvær vikur eru því of knappur tími til að starfsfólk geti sleppt styttingum til þess að eiga rétt á launum þegar og ef til lokana kemur. Fyrir 3 daga þyrftum við í það minnsta 6 vikna fyrirvara.

Ég er einnig mjög hugsu út í þá mynd sem sveitastjórn virðist vera að teikna upp. Framkoma sveitastjórnar í garð barna sveitafélagsins og starfsfólks leikskólans er ekki til fyrirmyndar. Ég spyr því eru áform sveitastjórnar um að halda úti faglegu starfi í leikskóladeild? eða er þess óskað að hér verði starfsrækt barnageymsla? Þar sem eina sem virðist skipta máli er að reyna að fá fólk til að flytja í sveitarfélagið með því t.d. að hafa leikskólann opinn eins lengi og mögulegt er án þess að hugsa um

velferð barna og að þeirra vinnutími sé lengstur af öllum. Það gæti reynst erfitt að fá fólk til að flytja í sveitarfélagið ef sveitarstjórn er búin að hrekja allt starfsfólk leikskólans á brott með þessum vinnubrögðum og engin eftir til að starfa í leikskólanum. Ætlast sveitastjórn til þess að halda starfsfólki í leikskóladeild eftir þessa framkomu? Það hefur hingað til verið erfitt að fá fólk í vinnu hér svo við vitum að nýtt starfsfólk bíður ekki við þröskuldinn.

Einnig bjóðast betri kjör til bæði faglærðra og ófaglærðra starfsmanna t.d. í Bláskógarbyggð. Þar bjóðast fast 4 tíma yfirvinna fyrir ófaglærða starfsmenn og 6 klst fyrir faglærða. Þessi gjörningur er til þess að fá fólk þó það búi ekki á svæðinu til þess að kjósa það að vinna hjá þeim frekar en t.d. á Selfossi. Okkar gulrót var sú að við fengum kaffitíma borgaða í yfirvinnu.

Grímsnes og Grafningshreppur var með síðustu sveitarfélögunum að samþykkja fulla vinnustyttingu. Undirrituð var boðuð á fund með félagi leikskólakennara þar sem m.a. launfulltrúi og sveitastjóri sátu. Þar ítrekaði Haraldur formaður félags leikskólakennara það að ganga þyrfti alla leið með styttingu vinnuvikunnar. Honum m.a. gerð grein fyrir því að málið væri stopp vegna áður seldra yfirvinnutíma sem starfsfólk væri ekki tilbúið að gefa frá sér. Haraldur kom þá með hugmyndir af útfærslum sem sveitarfélagið gæti hugsað útí til að koma til móts við starfsmenn sína og vísaði t.d. í að sveitarfélög mega alltaf borga meira en samningar segja til um, það má bara aldrei borga minna. Sveitarfélagið gæti t.d. haldið áfram að borga ákveðna yfirvinnutíma til starfsfólks og með því sýnt að það meti þeirra vinnuframlag. Fljótlega eftir þennan fund fengum við starfsmenn leikskólans uppsögn á samningi um kaffitímana greidda í yfirvinnu og full stytting hófst 1. október 2023. Þar með er enginn ávinningur að vinna við Kerhólsskóla fremur en í öðrum skólum.

Til þess að koma til móts við ófaglærða starfsmenn Kerhólsskóla t.d. vegna aksturs til og frá vinnu sem í sumum tilfellum er allt að 50 km á dag er fólk ráðið inn á hærri launum en almennt gerist í stærri bæjarfélögum. Það er gert til þess að fá fólk til að vinna við Kerhólsskóla því eins og gefur að skilja þá erum við ekki í alfara leið og margir leggja akstur fyrir sig. Allt í fullu samráði við fyrrverandi sveitastjóra Ingu Harðardóttur. Í kjarasamningum var samið um að frá 1. október kæmi til 39.270 króna greiðsla til leiðbeinanda á leikskóla. Launfulltrúi Gogg borgar hins vegar bara 20.522 krónur. Með þessu eru ófaglærðir starfsmenn leikskólans komnir á sömu laun og ef þau væru að vinna í stærra bæjarfélagi.

Með þessum skrifum mínum er ég einfaldlega að leita svara við því sem brennur á mér þar sem vinnubrögðin við allt þetta mál eru í minnsta falli stór furðuleg. Þau minna á einræðistilburði sveitastjórnar og sveitarstjóra sem fer langt út fyrir vald sitt í að stjórna skólanum. Er það ekki skólastjórnenda að gera það? Að lokum langar mig að nefna það að ég persónulega hef haft mikinn metnað til þess að koma leikskóladeild Kerhólsskóla á þann stað sem hann er í dag. Þekktur innan fagstéttarinnar fyrir að vera afburðar góður leikskóli. Ég hef tekið þátt í að innleiða og gera breytingar í leikskóladeild sem hafa fengið eftirtekt í fræðasamfélagi leikskólakennara í Háskóla Ísland og kynnt rannsókn mína ásamt Sigríði Þorbjörnsdóttur á ECERA ráðstefnu í Glasgow. Því tekur það mig afar sárt að sjá að þeir sem eru við stjórnvölinn hér sinni vinnu sinni af geðþótta fremur en faglegu mati og sýni leikskólanum þ.m.t. börnum og starfsmönnum hans þá virðingu sem hann á skilið.

Emilía Lilja Rakelar Gilbertsdóttir